



Hvernig verða verðmæti til?

Erindi á haldið á ráðstefnu um fjármálalæsi
9. september 2011

Orri Hauksson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Markmið efnahagsstarfseminnar




- Efnahagslíf sem er í blóma er ávöxtur einhvers erfiðis
 - viðleitni mannskepnunnar til að njóta betri lífskjara
- Stærð og styrkur efnahagslífsins byggist á manneðlinu
 - sem berst fyrir bættum hag sínum í víðri merkingu þess orðs
- Adam Smith benti 1776 á að það væri ekki af manngæsku sem bakarinn bakaði alla nóttina
 - heldur af sérgæsku
- Sérgæska bakarans er drifkraftur verðmætasköpunar
 - beisla þarf sérgæsku bakarans þannig hún bæti lífskjör annarra um leið og sín eigin

Efnahagslegir mælikvarðar á hagsæld



- Landsframleiðsla mælir efnahagsumsvif
 - samanlögð verðmæti allrar framleiðslu í landinu til endanlegra nota
- Hagvöxtur er mæling á breytingu landsframleiðslunnar
- Landsframleiðsla mælir getu samfélagsins
 - til að veita sér önnur gæði
 - velmegun
- Framleiðsla er mæling á sköpun verðmæta
 - grundvöllur velferðar almennings

Það sem við búum til er það hvernig okkur farnast



Hvers vegna þarf að auka framleiðslu? Er þetta ekki bara orðið gott?



- Hægur eða enginn hagvöxtur yfir löng tímabil þýðir ört minnkandi lífsskjör
- Ísland er eitt af efnuðustu löndum veraldar en Argentína má muna sinn fífil fegurri
 - Fyrir 80 árum var þessu þveröfugt farið
- Á nokkrum áratugum geta lönd auðveldlega falli niður um margar deildir þjóða
- Hagvöxtur skiptir sköpum fyrir velferð
 - 1% vöxtur á ári í aldarfjórðung stækkar kökuna um 28%
 - 5% vöxtur á ári í aldarfjórðung stækkar kökuna um 240%

Hvernig eykst framleiðsla?




- Aukin framleiðsla sem einhver vill kaupa
 - > Skapar aukna neyslu, atvinnu og kaupmátt

- Lykilatriði eru
 - Framleiðni
 - Fjárfesting
 - Hagstjórn

Framleiðni og velmegun



- Velmegun leiðir af magni og nýtingu framleiðsluþátta
- Framleiðsluþættir eru takmarkaðir
- Atvinnulífið þarf að taka tillit til þessara takmarkana
- Framleiðni íslensks vinnuafls er ekki sérstaklega há
 - GDP á vinnustund er undir OECD meðaltali
 - Bætum upp með löngum vinnutími
 - Hér er svigrúm til umbóta




- Framleiðsla eykst sjaldnast án þess að fjárfesta
 - Bæta framleiðslutækin
 - Bæta framleiðslutæknina
 - Bæta mannauðinn (menntun)
- Forsenda fjárfestingar
 - hluti tekna sem hagkerfið aflar er lagður til hliðar (sparnaður)
 - lánaður til þeirra sem vilja fjárfesta
- Skýr tengsl fjárfestinga (framleiðslu) og atvinnu (atvinnuleysis)

Samband fjárfestinga og atvinnuleysis



Samband fjárfestinga og atvinnuleysis 1970-2010



- Atvinnuleysi og fjárfesting helst í hendur í sterku sögulegu sambandi.
- Fyrir hverja prósentu sem fjárfesting eykst má gera ráð fyrir að atvinnuleysi minnki um hálfu prósentu.

- Til að kröftug framleiðslustarfssemi þrífist þarf umgjörð að vera hagfelld
- Fjárfesting og framleiðni leiða af lykilþáttum hagkerfisins
 - Skattastefna
 - Peningamálastefna og gjaldmiðill
 - Eignaréttur og réttarfar
 - Umhverfismál
 - Utanríkisstefna
 - Menntakerfi
 - Heilbrigðiskerfi
 - Félagskerfi

Hvaðan kemur velferðin?



- Hagsmunir fyrirtækja og heimila er samtvinnaður
- Hagvöxtur og verðmætasköpun skiptir alla máli
- Framleiðni, fjárfesting, hagstjórn, innviðir
 - > grunneiningar sem móta efnahagsleg örlög

Takk fyrir!